



Leitin að uppruna okkar í alheiminum hefst

March 13, 2013



Í dag opnaði glænýr sjónauki sem nefnist ALMA augun. Þessi risasjónauki er sá stærsti í heiminum: Hann samanstendur af fimmtíu og fjórum 12 metra breiðum loftnetum (á stærð við fjögurra hæða húsl) og tólf öðrum smærri loftnetum (7 metra breiðum). Loftnetin 66 munu vinna saman og mynda öflugasta stjörnusjónauka sem til er á Jörðinni! ALMA getur fangað ljós frá sumum af fjarlægustu fyrirbærunum í alheiminum og sýnt smáatriði úr æsku alheimsins betur en nokkru sinni fyrr. Þessi glæsilega mynd sýnir ALMA sjónaukann á við og dreif um Atacamaeyðimörkina í Chile.

Þegar alheimurinn var mjög ungur var hann uppfullur af þykkri þöku úr köldu vetnisgasi. Vegna þokunnar er mjög erfitt að rannsaka æsku alheimsins með sjónaukum sem nema sýnilegt ljós. ALMA hefur sérstök augu sem sýna alheiminn í allt öðru ljósi, svokallaðri

útvarpsgeislun. Það mun gera sjónaukanum kleift að skyggjast í gegnum þokuna og opinbera lendarðómana handan hennar í fyrsta sinn.

ALMA mun einnig varpa ljósi á sum af köldustu fyrirbærum alheimsins. Sjónaukinn mun horfa í gegnum dökk ský úr gasi og ryki sem eru aðeins fáeinir gráður yfir alkuli — mesta mögulega kulda (-273°C). Við vonumst til að finna nýjar og áhugaverðar riekistjörnur á braut um fjarlægjar sólar og bjartar ungar stjörnur sem eru að myndast í þessum þykku skýjum.

Ef þú hefur áhuga meira um þá leyndardóma alheims sem ALMA afhjúpar, skaltu fylgjast með Space Scoop fréttum næstu mánuði!

COOL FACT

ALMA sjónaukinn var smíðaður í 5.000 metra hæð yfir sjávarmál í fjöllum Atacamaeyðimerkurinnar í Chile, á einum þurrasta stað Jarðar! Hæðin og þurrkurinn á staðnum þýðir að mjög fá ský munu trufla athuganirnar. En í 5.000 metra hæð er loftið hins vegar svo þunnt að fáir fá að heimsækja sjónaukann!

This Space Scoop is based on Press Releases from [NAOJ](#), [ESO](#).

[NAOJ](#) [ESO](#)



This website was produced by funding from the European Community's Horizon 2020 Programme under grant agreement n° 638653